

Nd.

322. Frumvarp til laga

[151. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

I. KAFLI

Um Framkvæmdasjóð Íslands.

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn er í vörzlu Seðlabanka Íslands, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands er að efla atvinnulíf og velmegun íslensku þjóðarinnar. Framkvæmdasjóðurinn veitir annars vegar fé til þeirra fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

3. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdabanka Íslands, eins og þær eru hinn 1. janúar 1967. Þá tekur Framkvæmdasjóður að sér greiðslu allra skulda bankans, svo og efndir á öllum skuldbindingum hans, þar með töldum ábyrgðum, sem bankinn hefur á sig tekið, frá sama tíma að telja.

Framkvæmdasjóður tekur við öllu fé Mótvirðissjóðs, sem nú er í vörzlu Framkvæmdabankans, að undanskildu því fé, sem bundið er á sérreikningi í Seðlabankanum, og skal hann lána það, ásamt vaxtatekjum af því, að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi sinnar skv. 2. gr. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

Innheimtustörf þau, sem Framkvæmdabankinn hefur annast fyrir ríkissjóð, skulu falin Ríkisábyrgðasjóði.

4. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innan lands og erlendis, sbr. þó ákvæði 7. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings og gjaldeyrismála o. fl.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs við innlenda aðila. Einnig ábyrgist hann greiðslu allra innlendra og erlendra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Framkvæmdasjóður tekur við af Framkvæmdabanka Íslands, skv. 3. gr.

6. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs er í höndum 7 manna, kosinna með hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargra til vara. Í störfum sínum skal stjórnin hafa samráð við Efnahagsstofnunina, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana. Framkvæmdasjóðurinn heyrir undir fjármálaráðherra, sem ákveður þóknun stjórnar hans. Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður fundartíma og boðar til funda. Á fundum ræður afl atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Seðlabankinn undirbýr stjórnarfundi og á þar fulltrúa.

7. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdasjóðs eru þessi:

- a. Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og ráðstöfun á fjármunum hans.

- b. Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal á ári hverju um ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra á milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja fjárfestingarlánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr Framkvæmdasjóði.
- c. Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánskjör Framkvæmdasjóðs að höfðu samráði við fjármálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærrí en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.
- d. Hún úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og um afskriftir af kröfum sjóðsins.

8. gr.

Að öðru leyti en segir í 7. gr. er umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, er hefur á hendi bókhald hans og daglegan rekstur, svo og skýrslugerð alla.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Framkvæmdasjóðs eigi síðar en 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins til úrskurðar. Sjóðurinn skal greiða af tekjum sínum allan kostnað af rekstri hans.

Um reikningsskil, endurskoðun, útgáfu fjárhagslegra skuldbindinga og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, svo og reglugerð hans, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og fjáröflun til hans í samráði við fjármálaráðuneytið og Efnahagsstofnunina. Einnig skal um áætlanir þessar haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana.

10. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innan lands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppbóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

II. KAFLI

Um Efnahagsstofnun.

13. gr.

Hlutverk Efnahagsstofnunar er sem hér segir:

- a. Að undirbúa fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlanir og fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær.
- b. Að semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann.

- c. Að framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, svo og fyrir Seðlabankann og Framkvæmdasjóð, eftir því sem um semst.
- d. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

14. gr.

Efnahagsstofnunin heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar.

15. gr.

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdasjóður í sameiningu greiða kostnað af starfsemi Efnahagsstofnunarinnar. Þessir aðilar fara einnig með stjórn hennar. Skulu þeir gera með sér samning um stjórn stofnunarinnar og fjármál.

16. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Efnahagsstofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerðar sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið. Byggingarnefndir og oddvitar senda Efnahagsstofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingaframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

III. KAFLI

Um Hagráð.

17. gr.

Stofna skal Hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.

18. gr.

Hagráð skal skipað sem hér segir:

Í því skulu eigi sæti tveir ráðherrar, tilnefndir af ríkisstjórninni, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Þá skulu eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna hver einn fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í Hagráð til eins árs í senn:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag isl. iðnrekenda, Iðja (félag verksmiðjufólks í Reykjavík), Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband isl. útvegsmanna, Landsamband íslenzkra verzlunarmanna, Samband isl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmalaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands.

Nú stofnar verksmiðjufólk landssamband og tekur fulltrúi þess þá sæti Iðju í ráðinu.

Hagráð heyrir undir viðskiptamálaráðherra.

19. gr.

Hagráð skal koma saman til fundar, þegar formaður þess ákveður eða minnst fjórir ráðsmenn óska. Meginverkefni Hagráðs skal vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir Hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmda-

áætlanir ríkisstjórnarinnar skulu lagðar fyrir Hagráð. Einstakir fulltrúar í Hagráði geta óskað umræðna um sérhvern þann þátt efnahagsmálanna, sem þeir telja ástæðu til, að Hagráð ræði. Umræðuefnin skulu ákveðin og tilkynnt ráðsmönnum með hæfilegum fyrirvara. Skýrsla um umræður í Hagráði skal jafnan send ríkisstjórninni og sömuleiðis ályktanir, sem gerðar kunna að vera. Hagráð getur kosið undirnefndir úr sínum hópi til þess að fjalla um ákveðna þætti efnahagsmála. Störf í Hagráði skulu vera ólaunuð.

20. gr.

Efnahagsstofnunin undirbýr fundi Hagráðs og á fulltrúa á fundum þess. Hún annast skrifstofustörf vegna Hagráðs. Allur kostnaður Hagráðs greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Hlutaðeigandi ráðherrar geta með reglugerðum sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðs þess og stofnana, sem lög þessi fjalla um.

22. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 17 frá 10. febrúar 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, lög nr. 13 frá 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 67 frá 27. apríl 1962, um breytingu á þeim lögum, 9. gr. laga nr. 30 frá 25. maí 1960, svo og öll önnur lög og lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði, I. kafla og 22. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn skulu fyrir árslok 1966 nefna til sinn manninn hvor til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Framkvæmdabanka Íslands úr hendi bankaráðs og bankastjóra bankans. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Framkvæmdabankans hinn 31. desember 1966 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafi við tekið og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal fjármálaráðherra skera úr þeim.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skal kjörtími fyrstu stjórnar Framkvæmdasjóðs vera til ársloka 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um Framkvæmdasjóð Íslands.

Með þessu frumvarpi og frumvarpi til laga um Fiskveiðasjóð Íslands er stefnt að því að gera skipulag og starfsemi fjárfestingarlánasjóða einfaldari og hagkvæmari en verið hefur. Er lagt til, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóður Íslands sameinist í nýjan sjóð. Jafnframt er lagt til, að Framkvæmdabanka Íslands sé breytt í framkvæmdasjóð, er sé í vörzlu Seðlabanka Íslands og hafi það hlutverk að veita lán til annarra fjárfestingarlánasjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda. Einnig er gert ráð fyrir, að framkvæmdasjóðurinn veiti lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Á undanförnum árum hafa stofnlánasjóðir landbúnaðar og iðnaðar verið eflir og starfsemi þeirra aukizt mikið. Með sameiningu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs mun hliðstæð efling eiga sér stað, að því er stofnlánasjóði sjávarútvegsins snertir, og mun hún einkum geta leitt til aukinna lána til fiskiðnaðarins. Þessi breyting á stofnlánasjóðunum gerir það að verkum, að ekki er sú þörf, sem áður var, fyrir starfsemi Framkvæmdabanka Íslands á sviði fiskvinnslu. Á hinn bóginn hefur efling stofnlánasjóðanna skapað aukna þörf fyrir fjáröflun til stofnlána og samræmingu á starfsemi stofnlánasjóða við aðra bankastarfsemi í landinu. Breyting Framkvæmdabanka Íslands í framkvæmdasjóð miðar að því að fullnægja þessari þörf. Tengsl framkvæmdasjóðsins við Seðlabankann og tengsl hinna einstöku stofnlánasjóða við viðskiptabanka tryggja nauðsynlega samræmingu við aðra bankastarfsemi og við heildarstjórn bankamála.

Með því skipulagi, sem hér er lagt til, að komið verði á fót, er í veigamiklum atriðum horfið að því skipulagi, sem upphaflega var ætlunin, að yrði á Framkvæmdabanka Íslands, og Framkvæmdasjóðnum er einnig ætlað það meginhlutverk, sem Framkvæmdabankanum var upphaflega ætlað, að hafa forystu um fjáröflunarhlið fjárfestingarmála, útvega og miðla fé til fjárfestingarstarfseminnar. Þegar stofnun Framkvæmdabankans var undirbúin, voru til athugunar tillögur um stofnun sjálfstæðs seðlabanka, og var þá ráð fyrir því gert, að Framkvæmdabankinn væri í nánum tengslum við hann. Af stofnun seðlabanka varð þó ekki í það sinn, og var þá ráð fyrir því gert, að Framkvæmdabankinn stæði í nánu sambandi við Landsbanka Íslands, er þá gegndi hlutverki seðlabanka og átti að annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann. Slík samvinna komst hins vegar ekki á, og hefur skortur á tengslum við aðra hluta bankakerfisins torveldað Framkvæmdabankanum að leysa af hendi það meginhlutverk, sem honum upphaflega var ætlað.

Gert er ráð fyrir, að stjórn framkvæmdasjóðsins sé í höndum sjö manna, er Alþingi kjósi hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn. Stjórn sjóðsins gangi frá áætlunum um starfsemi sjóðsins og taki ákvarðanir um lánveitingar hans. Seðlabankinn hafi sjóðinn hins vegar í vörzlu sinni, sjái um rekstur hans og undirbúi áætlanir um fjáröflun og lánveitingar. Gert er ráð fyrir, að við undirbúning áætlana og við stjórn sjóðsins yfirleitt sé haft samráð við fjármálaráðuneytið, viðskiptabankana og efnahagsstofnunina.

Um Efnahagsstofnun.

Efnahagsstofnunin var sett á fót á árinu 1962 með sérstökum samningi á milli ríkisstjórnarinnar, Framkvæmdabanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Verkefni hennar var að undirbúa framkvæmdaáætlanir fyrir ríkisstjórnina, semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn og framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir. Hagdeild Framkvæmdabankans fluttist til hinnar nýju stofnunar. Jafnframt var efnahagsmálaráðuneytið, sem stofnað hafði verið 1959, lagt niður og störf þess falin Efnahagsstofnuninni. Þeir þrír aðilar, sem að stofnuninni stóðu, hafa skipt að jöfnu með sér kostnaði af rekstri hennar og skipað stjórn hennar. Í stjórninni hafa átt sæti þrír fulltrúar ríkisstjórnarinnar, einn fulltrúi Seðlabanka Íslands og einn fulltrúi Framkvæmdabanka Íslands. Auk formanns stjórnarinnar, sem jafnframt hefur verið forstjóri stofnunarinnar, hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar verið ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, sem verið hefur varaformaður stjórnarinnar, og hagstofustjóri. Sérmenntað starfsfólk stofnunarinnar hefur haldizt svipað að tölu til og var í hagdeild Framkvæmdabankans.

Þau ákvæði um Efnahagsstofnunina, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, miða að því að festa skipan hennar. Efnahagsstofnuninni eru ætluð sömu verkefni og áður. Framkvæmdasjóður kemur í stað Framkvæmdabanka Íslands og stendur ásamt ríkisstjórninni og Seðlabankanum að stofnuninni á grundvelli samnings,

er þessir aðilar gera um stjórn stofnunarinnar og fjármál. Forsætisráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar, eins og áður var.

Á þeim tæpum fjórum árum, sem Efnahagsstofnunin hefur starfað, hafa verkefni hennar reynzt umfangsmikil og vaxandi. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir sérstökum verkefnum stofnunarinnar í sambandi við starfsemi Framkvæmdasjóðs og Hagráðs.

Um Hagráð.

Á undanförnum árum hafur það komið æ betur í ljós víða um heim, hverja þýðingu það hefur í stjórn efnahagsmála, að fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka skiptist á skoðunum og hafi samráð um meginstefnuna í efnahagsmálum. Í flestum nágrannalandanna hefur verið komið á fót sérstökum vettvangi fyrir slíka samvinnu, þar sem jafnframt fer fram miðlun upplýsinga um þróun efnahagsmála. Með þessu frumvarpi er lagt til, að slíkur vettvangur sé myndaður hér á landi með stofnun hagráðs. Í ráðinu eiga sæti tveir ráðherrar, fulltrúar stjórn-málaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, og fulltrúar samtaka atvinnuvega, stétta og sveitarfélaga. Ætlað er til, að Efnahagsstofnunin undirbúi fundi Hagráðs og leggi fyrir það yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarþúskaþarins og horfur í þeim efnun. Enn fremur er ætlað til, að þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar séu lagðar fyrir Hagráð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Framkvæmdasjóður Íslands.

Um 1. gr.

Lagt er til, að sjóðurinn heiti Framkvæmdasjóður Íslands. Dagleg stjórn sjóðsins og varzla hans verður í Seðlabanka Íslands. Sjóðurinn verður hins vegar með algjörlega aðskildan fjárhag og bókhald.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst hlutverki Framkvæmdasjóðs og mörkuð sú stefna, að sjóðurinn láni annars vegar til fjárfestingarlánasjóða og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Um 3. gr.

Yfirtaka Framkvæmdasjóðs á eignum Framkvæmdabankans er ákveðin 1. janúar 1967. Nokkur fyrirvari er nauðsynlegur til undirbúnings henni, meðal annars þarf að ræða við skuldheimtumenn Framkvæmdabankans, einkum erlenda.

Í annarri málsgrein er rætt um ráðstöfun þess hluta Mótvirðissjóðs, sem fer til Framkvæmdasjóðs. Ríkisstjórnin hefur í undirbúningi frumvarp um Atvinnuþróunarsjóð, en í því er gert ráð fyrir, að sá sjóður njóti þess hluta Mótvirðissjóðs, sem er enn bundinn skv. samningi við Bandaríkjastjórn. Í greininni er gert ráð fyrir, að helmingur af fé Mótvirðissjóðs, sem rennur til Framkvæmdasjóðs, verði lánað til framkvæmda í þágu landbúnaðarins í samræmi við núgildandi lagaákvæði um Framkvæmdabankann.

Í þriðju málsgrein er gert ráð fyrir því, að þar umrædd innheimtustörf verði falin Ríkisábyrgðasjóði. Er það mjög eðlileg ráðstöfun, enda hefur fjármálaráðuneytið þegar ráðstafað hliðstæðum innheimtustörfum til sama aðila.

Um 4. gr.

Greinin veitir heimild til fjáröflunar með lántökum innan lands og utan. Er vísað í því sambandi til 7. gr. laga nr. 30/1960. Er þetta gert vegna hugsanlegra erlendra lána. Er rétt, að sjóðurinn leiti samþykkis ríkisstjórnarinnar um erlendar lántökur eins og aðrir.

Um 5. gr.

Ríkissjóður hefur hingað til ábyrgt allar innlendar skuldbindingar Framkvæmdabankans. Ábyrgð ríkissjóðs varðandi erlendar skuldbindingar bankans hefur hins vegar verið takmörkuð við ákveðna fjárhæð.

Í greininni er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður njóti ábyrgðar ríkissjóðs varðandi allar skuldbindingar gagnvart innlendum aðilum. Erlent lánsfé, sem innlendir aðili hefur endurlánað Framkvæmdasjóði, verður því einnig í skjóli ríkisábyrgðar.

Jafnframt tekst ríkissjóður á hendur alla ábyrgð á innlendum sem erlendum skuldbindingum, sem Framkvæmdasjóður tekur við af Framkvæmdabankanum. Í þessu felst meðal annars, að erlendar skuldbindingar Framkvæmdabankans, sem yfirferast 1. janúar n. k., verða eftir það með ríkisábyrgð, þó að henni hafi ekki verið til að dreifa fram að þeim tíma. Þykir ekki annað fært, þegar ríkisvaldið endurskipuleggur opinbera stofnun, ekki sízt gagnvart erlendum aðilum.

Stofni Framkvæmdasjóður til skuldbindinga við erlenda aðila, þarf lagaheimild.

Stofni Framkvæmdasjóður til skuldbindinga við erlenda aðila, þarf lagaheimild, ef ríkisábyrgð á að vera á slíkri skuldbindingu.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 7. gr.

Hér er að finna upptalningu á verkefnum stjórnar sjóðsins. Ekki er vikið að fjáröflunarleiðum sjóðsins. Verða þau mál undirbúin, eins og segir í 9. gr. á vegum ríkisstjórnarinnar, Seðlabankans, fjármálaráðuneytisins og Efnahagsstofnunarinnar, einkum í sambandi við árlegar fjáröflunar- og framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar. Verður heildaráætlun, sem rætt er um í b-lið, þáttur í ofangreindri áætlun ríkisstjórnarinnar.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 8. gr.

Öll dagleg stjórn Framkvæmdasjóðs verður undir stjórn Seðlabankans, og er hann ábyrgur fyrir bókhaldi sjóðsins, rekstri og skýrslugerð.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um störf Seðlabankans við að undirbúa fyrir stjórn sjóðsins hinar árlegu áætlanir um lánveitingar og fjáröflun sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í b-lið 7. gr. Það er ein forsenda frumvarpsins að koma á viðtækri samræmingu í stjórn fjárfestingarmála. Segir því í niðurlagi greinarinnar, að haft skuli samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana við gerð hinna árlegu áætlana við sjóðinn.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. kafli.

Efnahagsstofnunin.

Um 13.—14. gr.

Hér vísast til almennrar greinargerðar um stofnunina hér að framan.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem greiða kostnað við Efnahagsstofnunina semji sérstaklega um stjórn hennar, rekstur og fjármál.

Um 16. gr.

Greinin er staðfesting á því fyrirkomulagi, sem tekið var upp árið 1962. Náinni samvinnu og verkaskiptingu hefur verið komið á um skýrslugerð milli Hagstofunnar og Efnahagsstofnunarinnar, og verður að sjálfsögðu framhald á því.

Heimildir í greininni eru hinar sömu og Framkvæmdabankinn hafði skv. 9. gr. laga nr. 30/1960.

III. kafli.

Hagrád.

Um 17.—20. gr.

Þarfnast ekki skýringa, frekar en fram kemur í almennri greinargerð hér að framan.

IV. kafli.

Um 21.—23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Við setningu laga um ríkisbankana í marz 1961 var komið á þeirri reglu að samræma kjörtímabil bankaráða þeirra. Er hér lagt til, að kjörtími stjórnar Framkvæmdasjóðs verði samræmdur við þetta. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki skýringa.